

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 192/2015****2017/EES/3/18****frá 10. júlí 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2014/746/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 21alb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0746**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2014/746/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.